

Fimmtudaginn 20. júní 1946.

Nr. 69/1945. Valdstjórnin (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Eyvindi Árnasyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl.
Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggva-
sonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Eyvindur Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. apríl 1945.

Ár 1945, mánudaginn 16. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómarara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánsyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 243/1945: Valdstjórnin gegn Eyvindi Árnasyni, sem tekið var til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Eyvindi Árnasyni útfararstjóra, Laufásvegi 52 hér í bæ, fyrir brot gegn verðlagslögjöfinni.

Kærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, sætti í janúar 1916 10 króna sekt fyrir brot gegn byggingarsamþykkt og á árunum 1919—1924 sætti hann sex sinnum 50 króna sektum fyrir ölvun á almannafæri. Að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Í Lögbirtingablaðinu, er út kom 23. júní 1944, var tilkynning frá verðlagsstjóra, dagsett 16. sama mánaðar, á þessa leið: „Viðskiptaráð hefur ákveðið, að frá og með 24. júní 1944 megi verð á lík-kistum, öðrum en zink- og eikarkistum, hæst vera kr. 900.00. Ódýrari gerðir, sem framleiddar hafa verið, mega ekki hækka í verði nema með samþykki verðlagsstjóra. Verð á zink- og eikarkistum er og háð samþykki hans.“

Hinn 23. október s. l. kærði verðlagsstjóri yfir því, að kærði hefði á tímabilinu 4.—18. september s. l. selt 16 líkkistur of háu verði, og næmi samanlagður ólöglegur hagnaður hans af brotinu kr. 6665.00, sem þó síðar leiðréttist í kr. 6565.00. Segir í kærinni, að komið hafi í ljós við athugun, að kærði hefði selt líkkistur á nefndu tímabili á allt að kr. 1750.00. Kistan sjálf hafi þó í þessum tímellum ekki verið reiknuð nema á kr. 900.00, en málning og bólstrun reiknuð aukalega. Hafi slík sundurliðun kistuverðsins eigi tíðkæzt, áður en hámarksverðið, sem miðist við fullgerða kistu, var sett.

Listi sá, er verðlagsstjóri hefur látið gera um verð þeirra 16 líkkistna, sem kært er yfir, hefur verið borinn undir kærða, sem hefur viðurkennt hann tölulega réttan. Er verðið á þeim kistum frá kr. 120.00 til 850.00 fram yfir hámarksverðið og ólöglegur hagnaður að áliti verðlagsstjóra kr. 6565.00, sem áður segir. Þetta verð setti kærði á kisturnar, án þess að fá samþykki verðlagsstjóra á verði þeirra, eins og ráð er fyrir gert í tilkynningunni frá 16. júní 1944. Kærði skýrir svo frá, að hann hafi farið eftir tilkynningu þessari, þar til eftir að hann átti tal um líkkistuverðið við Jörund Oddsson, starfsmann verðlagsstjóra, en það samtali fór fram rétt eftir mánaðamót ágúst og september s. l. Í þessu samtali segist kærði hafa lagt mikla áherzlu á að fá að selja vandaðri og dýrari kistur heldur en 900 kr. kisturnar. Þessu hafi starfsmaður verðlagsstjóra svarað á þá leið, að þeir, sem vildu borga meira en hámarksverð fyrir kisturnar og fá þær sérlega vandaðar, væru sjálf-ráðir að því, en kærði yrði ætíð að hafa til kistur á hámarksverðinu. Strax eftir samtali þetta kveðst kærði hafa farið til Tryggva Árnasonar útfararstjóra og tjáð honum, að verðlagseftirlitsmaðurinn hefði leyft sér að selja kistur hærra verði en hámarksverðinu, ef kaupendur óskuðu eftir dýrari og vandaðri kistum. Þetta hefur Tryggvi útfararstjóri staðfest. Þegar hámarksverðið var sett á líkkistur, átti kærði 9 fullgerðar kistur af vandaðri og dýrari tegundum, en þá hætti hann við að selja þær og átti þær því, þegar

nefnt samtali við verðlagseftirlitsmanninn fór fram. Eftir samtalið tók kærði að selja kistur þessar á sama verði og á þeim hafði verið, flestar á kr. 1250.00, en eina á kr. 1600.00. Enn fremur lét hann smíða nýjar kistur af þessum dýrari gerðum og seldi þær.

Allar þessar kistur voru á reikningum taldar á kr. 900.00, en aukalega var talin greiðsla fyrir málningu, bólstrun og efni að nokkru leyti. Á að gizka hinn 19. september s. l. áttu kærði og verðlagseftirlitsmaðurinn tal saman, og segir kærði eftirlitsmanninn þá hafa aftekið, að verð kistnanna mætti vera yfir kr. 900.00. Kveðst kærði þá hafa hætt starfsemi sinni og hafi sonur sinn þá tekið við henni. Jörundur Oddsson kveður kærða eigi skýra rétt frá hinu fyrrnefnda samtali eða að kærði hafi mjög misskilið sig í því. Í þessu samtali kveðst hann algerlega hafa haldið sig við verðauglýsinguna frá 16. júní s. l., kveðst hafa sagt kærða, að hann væri óbundinn af hámarksverði því, sem tiltekið er í auglýsingunni, við sölu á zink- og eikarkistunum og gæti selt þær herra verði en 900 krónur, þó því aðeins, að hann hefði áður fengið samþykki verðlagsstjóra til þess. Hitt segir hann rangt, að hann hafi sagt, að kærði væri óbundinn með verð vandaðri gerða kistna, ef hann einungis hefði alltaf til kistur, sem kostuðu kr. 900.00.

Vitni voru engin að samtali þessu, og við samprófun kærða og eftirlitsmannsins náðist ekkert samræmi um framangreindan ágreining. Eftirlitsmaðurinn hefur sem vitni staðfest framburð sinn með eiði. Staðhæfingar kærða um samtali þetta eru því ósannaðar og fá ekki orkað á úrslit málsins.

Mat það á líkkistum á verkstæði kærða, er fram hafur farið að tilhlutun verjanda kærða, fær eigi orkað á úrslit málsins, þar sem verðlagsákvæðin frá 16. júní s. l. um líkkistur teljast löglega sett. Með sölu áðurgreindra 16 líkkistna hefur kærði því gerzt brotlegur við margnefnda tilkynningu frá 16. júní s. l. um hámarksverð á líkkistum, og samkvæmt 9. gr., 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943 þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 ber að gera upptækan áðurgreindan ólöglegan hagnað af broti kærða, kr. 6565.00 rikissjóði til handa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dví dæmist rétt vera:

Kærði, Eyvindur Árnason, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 6565.00, skal upptækur ríkissjóði til handa, og greiði kærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun verjanda sins, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. júní 1946.

Nr. 67/1946. Réttvísín (Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

**Hauki Einarssyni, Magnúsi Gíslasyni og
Steingrími Agli Þorkelssyni**

(Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þjófnaður og þjófneysla.

Dómur hæstaréttar.

Refsing ákærða Hauks Einarssonar þykir hæfilega ákveðin 2 ár og 6 mánuðir. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Haukur Einarsson sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Ákærðu, Haukur Einarsson, Magnús Gíslason og Steingrímur Egill Þorkelsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skip-